

2019 nr. 98 1. júlí

Lög um pósthjónustu

Tóku gildi 1. janúar 2020 nema brákv. sem tók gildi 16. júlí 2019. Breytt með: L. 76/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrir mælum í 13. gr.). L. 112/2023 (tóku gildi 11. jan. 2024; EES-samningurinn: XI. viðauki reglugerð 2018/644, framkvæmdarreglugerð 2018/1263).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og orðskýringar.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri pósthjónustu um land allt og til og frá landinu, m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma og með því að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi gilda um pósthjónustu í atvinnuskyni og starfsemi sem henni tengist.

□ Póstsendingar innan fyrirtækis eða félags, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi fyrirtæki eða félag annast póstsendinguna.

■ 3. gr. [Yfirstjórn og verkefni Byggðastofnunar.

□ Ráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

□ Verkefni Byggðastofnunar á sviði póstmála eru:

1. Að annast framkvæmd laga þessara og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Stofnunin skal framfylgja lögnum og stuðla að því að markmið þeirra náist.

2. Að stuðla að samkeppni á sviði pósthjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á pósthjónustumarkaði.

3. Að taka þátt í þróun markaðar fyrir pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að:

a. vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á aðstöðu og þjónustu sem tengist pósthjónustu,

b. stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðferð mála sem varða póstrekingur sem búa við sömu aðstæður,

c. eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að koma á samræmdum eftirlitsháttum og samræmdri túlkun löggjafar,

d. stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða.

4. Að gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:

a. vinna að því að allir landsmenn hafi aðgang að alþjónustu,

b. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við póstrekingur,

c. vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs,

d. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæis gjaldskráa og skilmála fyrir notkun almennrar pósthjónustu,

e. tryggja hag notenda sem best, þ.m.t. einstakra þjóðfélags hópa, svo sem öryrkja, að því er varðar val, verð og gæði.

5. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld á sviði póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði póstmála. Skal stofnunin beina tilmælum um

breytingar á lögum og reglugerðum til ráðherra ef þess gerist þörf.

6. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

7. Annað sem lýtur að framkvæmd póstmála.

□ Byggðastofnun og Samkeppniseftirlitið skulu setja sam-eiginlegar leiðbeinandi reglur¹⁾ um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póstmál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

□ Forstjóra Byggðastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.]²⁾

¹⁾ Rgl. 198/2022. ²⁾ L. 76/2021, 1. gr.

■ 4. gr. Orðskýringar.

□ Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Afgreiðslustaður*: Aðstaða, t.d. húsnæði, bifreið eða sjálfvirkur afgreiðslukassi, þar sem einstaklingar og lögaðilar geta fengið pósthjónustu.

2. *Alþjónusta*: Lágmarkspósthjónusta sem notendum pósthjónustu skal standa til boða á jafnræðisgrundvelli, sbr. 9. gr.

3. *Alþjónustuveitandi*: Aðili sem falið er af stjórnvöldum að sinna alþjónustu.

4. *Ábyrgðarsending*: Póstsending sem póstrekingandi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skilmálum.

5. *Blindrasending*: Póstsending sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda og sjónskerta.

6. *Bréf*: Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréf.

7. *Bréfastassamstaða*: Tveir eða fleiri bréfastassar sem stafað er eða raðað upp hlið við hlið til móttöku á póstsendingum. Kassarnir geta verið staðsettir innan eða utan húss eða á svæði sem tilgreint hefur verið af viðkomandi sveitarstjórn sem móttökustaður póstsendinga.

8. *Bréfastassi*: Aðstaða, t.d. kassi eða lúga, sem viðtakendur setja upp til viðtöku á póstsendingum.

9. *Dreifikerfi*: Aðföng og kerfi sem póstrekingandi notar til að koma póstsendingum til skila, svo sem flokkunarstöðvar, afgreiðslustaðir, flutningsleiðir, póstmúmer, pósthólf, póst- og bréfastassar, gagnagrunnar um heimilisföng, upplýsingar um breytingar á heimilisföngum, aðgangur að áframsendingarþjónustu og þjónusta í tengslum við endursendingu bréfa.

10. *Endastöðvargjald*: Þóknun póstrekinganda fyrir dreifingu póstsendinga frá útlöndum.

11. *Erlend póstsending*: Póstsending til landsins, innan alþjónustu.

12. *Fjölþóstur*: Óáritaðar sendingar, t.d. auglýsingapóstur.

13. *Fríblað*: Dagblað og vikublað sem borið er út til viðtakanda án þess að viðkomandi hafi óskað eftir því.

14. *Frímerki*: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu.

15. *Gjaldmerki*: Merki sem límt er eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið rafrænn kóði.

16. *Móttaka*: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

17. *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér pósthjónustu sem sendandi eða viðtakandi.

18. *Póstkassi*: Póstkassi sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga.

19. *Póstnúmer*: Númer, eða kerfi númera, sem notað er fyrst og fremst til landfræðilegrar afmörkunar, til að staðsetja viðtakanda og auðvelda dreifingu póstsendinga.

20. *Póstrekandi*: Aðili sem veitir póstpjónustu í skilningi laga þessara.

21. *Póstsending*: Sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

22. *Póstþjónusta*: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og dreifingar á póstsendingum gegn greiðslu.

23. *Rekjanleg sending*: Skráð póstsending sem gerir sendanda eða viðtakanda kleift að fylgjast með henni frá móttöku póstrekkanda og til afhendingar til viðtakanda.

24. *Sendandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem sendir póstinn upphaflega, sbr. þó ákvæði 9. mgr. 27. gr.

25. *Skráð sending*: Póstsending með einkvæmu auðkenni.

26. *Tryggð sending*: Póstsending sem póstrekkandi tryggir gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

27. *Útburður*: Starfsemi sem hefst að jafnaði með flokkun póstsendinga í póstmíðstöð og lýkur með afhendingu þeirra á tilgreindum afhendingarstað.

[I. kafli A. Eftirlit.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 2. gr.

■ [4. gr. a. Eftirlit með póstrekkendum.

□ Byggðastofnun hefur eftirlit með starfsemi póstrekkanda, þ.m.t. fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 2. gr.

■ [4. gr. b. Eftirlitsúrræði Byggðastofnunar og viðurlög.

□ Byggðastofnun getur krafist þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum laga þessara sem ekki snúa að póstrekkendum er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Byggðastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

□ Byggðastofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

□ Sem hluta af eftirliti er Byggðastofnun heimilt að krefjast þess að henni séu m.a. látnir í té ársreikningar, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

□ Byggðastofnun getur með sömu skilyrðum og í 3. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

□ Telji Byggðastofnun að fjárhagsstaða póstrekkanda sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum, rekstrarleyfum eða skilgreindum alþjónustukvöðum getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

□ Byggðastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað póstrekkanda sem úthlutað hefur verið

réttindum og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

□ Vanræki póstrekkandi skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Byggðastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin afskráð hann af lista yfir póstrekkendur eða tilkynnt póstrekkanda að hann njóti ekki lengur almennrar heimildar að undangenginni skriflegri viðvörðun.

□ Byggðastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur póstrekkanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 44. gr.

□ Byggðastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun á málum sem Byggðastofnun vinnur að samkvæmt lögum þessum, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Byggðastofnunar.¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 2. gr.

II. kafli. Almenn heimild til veitingar póstpjónustu.

■ 5. gr. Skráningarskyld starfsemi.

□ Rekstur póstpjónustu í atvinnuskyni hér á landi er háður skráningarskyldu hjá [Byggðastofnun].¹⁾

□ [Byggðastofnun]¹⁾ heldur, birtir opinberlega og uppfærir reglubundið skrá yfir póstrekkendur hér á landi.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ er heimilt að hafna skráningu og/eða afskrá aðila af lista yfir póstrekkendur og stöðva rekstur, eftir atvikum með aðstoð lögreglu, ef hann eða stjórnendur eða eigendur starfseminnar hafa á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum þessum. Sama á við ef aðili leggur niður starfsemi eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara, svo og ef póstrekkandi brýtur ítrekað gegn skyldum sínum sem alþjónustuveitandi, að undangenginni skriflegri aðvörðun og að liðnum viðeigandi fresti til úrbóta.

□ Nú lætur póstrekkandi undir höfuð leggjast að skrá sig hjá [Byggðastofnun]¹⁾ og skal þá stofnunin gefa póstrekkandanum færi á að bæta úr innan tveggja vikna.

□ Nú verður póstrekkandi ekki við fyrirmælum [Byggðastofnunar]¹⁾ og getur þá stofnunin ákveðið póstrekkanda dagsektir [skv. 44. gr.]²⁾ þar til bætt er úr.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ setur nánari reglur um framkvæmd skráningar samkvæmt grein þessari.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr. ²⁾ L. 76/2021, 3. gr.

■ 6. gr. Almenn heimild.

□ Lögaðilar sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa almenna heimild til veitingar póstpjónustu hér á landi, til og frá landinu, að uppfylltum skilyrðum laga þessara.

□ Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja póstpjónustu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða og reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

■ 7. gr. Skilyrði almennrar heimildar.

□ Skilyrði almennrar heimildar til veitingar póstpjónustu eru eftirtalin:

a. Póstrekkandi auðkenni sig skilmerkilega sem póstrekkanda á viðeigandi hátt.

b. Almennir viðskiptaskilmálar og gjaldskrá sem um þjónustuna gilda séu aðgengilegir, t.d. á vefsíðu.

c. Ákvæði laga þessara séu uppfyllt, þar á meðal ákvæði um þjónustu- og gæðakröfur.

d. [Rekstrargjald hafi verið greitt, eða samið um greiðslu á því, í samræmi við lög þessi.]¹⁾

¹⁾ L. 112/2023, 2. gr.

■ 8. gr. Tilkynning um starfsemi.

□ Aðilar sem hyggjast starfrækja pósthjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna [Byggðastofnun]¹⁾ um það eigi síðar en tveimur vikum áður en fyrirhugað er að veita þjónustuna og veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til skráningar á viðkomandi póstrekkanda og starfsemi hans. Í tilkynningu skal upplýst um stofnendur, hluthafa og hlutfallslegt eignarhald þeirra, hver sé fyrirhuguð þjónusta, þ.m.t. hvort aðili hyggist veita þjónustu sem skilgreind er sem alþjónusta, og til hvaða svæða þjónustan nær. Svæði skulu tilgreind eftir póstnúmerum.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ skal staðfesta skráningu aðila á skrá yfir póstrekkendur innan tveggja vikna frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr., enda sé það mat stofnunarinnar að skilyrði laga þessara teljist uppfyllt.

□ Póstrekkandi sem hyggst leggja niður starfsemi, að hluta til eða í heild, skal tilkynna stofnuninni það með þriggja mánaða fyrirvara en í tilviki alþjónustu með sex mánaða fyrirvara.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

III. kafli. Alþjónusta.

■ 9. gr. Inntak alþjónustu.

□ Allir notendur pósthjónustu á Íslandi eiga rétt á alþjónustu sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði. Samsvarandi þjónusta skal standa til boða notendum sem búa við sambærilegar aðstæður. Alþjónusta skal á hverjum tíma taka mið af tækni- og samfélagsþróun, hagrænum þáttum og þörfum notenda.

□ Í alþjónustu felst a.m.k. eftirtalin þjónusta:

1. Aðgangur að afgreiðslustað og póstkösum.

2. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og milli landa, þar á meðal ábyrgðarsendinga og tryggðra sendinga. Í henni felst pósthjónusta vegna bréfa allt að 2 kg, pakka allt að 10 kg innan lands en 20 kg milli landa og sendinga fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg.

3. Miða skal dreifingu innan alþjónustu við tvo daga í viku til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili og aðsetur. Á sama hátt skal bera út póstsendingar til lögáðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnaði.

4. Alþjónustuveitendur skulu tryggja að póstkassar sem falla undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. tvisvar í viku eða að losun sé í samræmi við fjölda dreifingardaga á viðkomandi svæði að teknu tilliti til eftirspurnar eftir þjónustu.

□ Fara ber eftir reglum Alþjóðapóstsambandsins (UPU) um stærð og frágang póstsendinga sem falla undir alþjónustu.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ birtir árlega upplýsingar um alþjónustu og alþjónustuveitendur, þ.m.t. hvaða þjónusta fellur undir alþjónustu, auk upplýsinga um verð og gæði. [Byggðastofnun]¹⁾ tilkynnir einnig Eftirlitsstofnun EFTA hverjir sinna alþjónustu hér á landi.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ 10. gr. Undantekningar frá alþjónustu.

□ Þjónustuskylða sem felst í 9. gr. er aðeins virk ef viðtakandi er með þekkt heimilisfang sem skráð er sem lögheimili og/eða aðsetur í þjóðskrá eða heimilisfang í fyrirtækjaskrá og ef bréfastassi/bréfalúga er merkt með nafni í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur sem gildir á hverjum tíma eða

ef samið hefur verið um annan afhendingarstað við þjónustuveitanda.

□ Þjónustuskylða skv. 9. gr. tekur eingöngu til virkra daga (mánudags til föstudags). Skyldan getur einnig fallið niður tímabundið við sérstakar aðstæður sem koma í veg fyrir að pósthjónusta sé veitt eða gera hana óhóflega kostnaðarsama.

■ 11. gr. Val á þjónustuveitanda sem skylt er að veita alþjónustu.

□ Ráðherra ákveður hvort hann gerir samning við fyrirtæki með almenna heimild, eitt eða fleiri, til að sinna þeim skyldum sem kveðið er á um í 9. gr. Við samningsgerð getur ráðherra notið liðsinnis [Byggðastofnunar]¹⁾ og m.a. falið stofnuninni að meta og skera úr um kostnað við samninginn. Ráðherra getur einnig falið [Byggðastofnun]¹⁾ að útnefna fyrirtæki til að sinna þjónustunni. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að bjóða hana út.

□ Við val á þjónustuveitanda eða þjónustuveitendum skv. 1. mgr. skal viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Skyldu til veitingar alþjónustu má afmarka við tiltekna landshluta, póstnúmer og/eða tiltekna þætti pósthjónustu.

□ Ráðherra getur látið framkvæma markaðskönnun þar sem metið er hvort nauðsynlegt er að tryggja alþjónustu með samningi, útnefningu eða útboði.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ 12. gr. Umsóknir útnefnds fyrirtækis um fjárframlög vegna alþjónustu.

□ Ef póstrekkandi sem er útnefndur, sbr. 11. gr., telur að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað getur hann sótt um til [Byggðastofnunar]¹⁾ að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Útreikningar þjónustuveitanda skulu taka mið af viðauka II við lög þessi. Jafnframt þarf umsækjandi að sýna fram á að reiknað tap, ef eitthvert er, hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag alþjónustuveitanda.

□ Með hreinum kostnaði er í 1. mgr. átt við kostnað póstrekkanda við að veita alþjónustu að frádregnum beinum tekjum af þjónustunni og markaðsávinningi sem alþjónustuveitandi hefur af því að veita alþjónustu.

□ Um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. er að ræða þegar alþjónustukvöð á póstrekkanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki mundu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. Tapið eða aðstæðurnar verða að teljast hafa veruleg áhrif á rekstrargetu fyrirtækisins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu.

□ Með markaðsávinningi er í 2. mgr. m.a. átt við æviferilsáhrif, alnánd, ímynd og vörumerki. Við mat á markaðsávinningi umsækjanda skal m.a. taka mið af framkvæmd innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Ráðherra getur látið gera nýja markaðskönnun ef talið er að forsendur hennar hafi breyst verulega frá því að gerður var samningur um alþjónustu eða fyrirtæki útnefnt með skyldu til að veita alþjónustu.

□ Hreinn kostnaður vegna alþjónustukvaðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. getur póstrekkandi sem er útnefndur, sbr. 11. gr., ekki farið þess á leit að honum verði með fjárfram-

lögum tryggt endurgjald fyrir þjónustu vegna erlendra póstsendinga, sbr. 3. og 10. mgr. 17. gr.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

IV. kaffi. Nauðsynleg aðstaða.

■ **13. gr.** *Aðgangur að dreifikerfi og nauðsynlegri aðstöðu.*

□ Ef nauðsynlegt þykir, til að vernda hagsmuni notenda eða fyrirtækja á pósthjónustumarkaði og til að koma á virkri samkeppni, getur [Byggðastofnun]¹⁾ lagt kvaðir á póstrekkendur sem eru skilgreindir sem alþjónustuveitendur um veitingu aðgangs að dreifikerfi sínu og nauðsynlegri aðstöðu. Við setningu slíkra kvaða skal gæta jafnræðis og gagnsæis. Aðgangur að eftirfarandi aðstöðu getur fallið hér undir, þ.e. aðgangur að:

1. Pósthólfum.
2. Póst- og bréfastösum.
3. Áframsendingarþjónustu.
4. Þjónustu í tengslum við endursendingu bréfa.

□ Íhlutun [Byggðastofnunar]¹⁾ getur m.a. tekið til ákvörðunar um gjald fyrir aðgang, þ.m.t. ákvörðunar endurgjalds fyrir aðgang, sem og skilyrða fyrir aðgangi, enda hafi viðkomandi aðilar ekki náð samkomulagi um gjald fyrir aðgang eða skilyrði þar að lútandi.

□ Við málsmeðferð [Byggðastofnunar]¹⁾ skulu m.a. eftirfarandi sjónarmið lögð til grundvallar:

1. Samgirnir þeirra skilyrða sem tengjast viðkomandi aðgangsbéidni.
2. Þarfir notenda.
3. Þörf á að tryggja og viðhalda hagkvæmri þjónustu í tengslum við alþjónustu.
4. Aðrir möguleikar á hliðstæðum aðgangi fyrir aðgangsbéiðanda.
5. Samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu.
6. Möguleikar til að veita umræddan aðgang.
7. Fjárfestingar alþjónustuveitanda.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ **14. gr.** *Frímerki og gjaldmerki.*

□ [Byggðastofnun]¹⁾ veitir póstrekkendum heimild til útgáfu frímerkja og annarra gjaldmerkja. [Byggðastofnun]¹⁾ er heimilt að kveða á um að alþjónustuveitandi skuli gefa út frímerki og fer um þá kvöð skv. III. kafla.

□ Öll íslensk frímerki bera áletrunina „ÍSLAND“.

□ Um skipti á frímerkjum við erlend pósthjónustufyrirtæki fer eftir reglum sem Alþjóðapóstasambandið (UPU) kann að setja.

□ Gjaldmerki önnur en frímerki bera heiti viðkomandi póstrekkanda eða númer sem [Byggðastofnun]¹⁾ úthlutar honum.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ **15. gr.** *Póstnúmeraskrá.*

□ [Byggðastofnun]¹⁾ ákvarðar landfræðileg mörk póstnúmera og gefur út póstnúmeraskrá og landfræðilega þekju póstnúmera. Breytingar á póstnúmeraskrá skulu ekki gerðar nema að höfðu samræði við Þjóðskrár Íslands.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

V. kaffi. Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald alþjónustuveitanda.

■ **16. gr.** *Viðskiptaskilmálar.*

□ Alþjónustuveitandi birtir opinberlega almenna viðskiptaskilmála og gjaldskrá sem gildir um alþjónustu sem hann sinnir á hverjum tíma. Ákvæði 1. másl. telst uppfyllt ef upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu hlutaðeigandi alþjónustuveitanda.

□ Telji [Byggðastofnun]¹⁾ skilmála brjóta gegn lögum, reglugerðum, almennum heimildum eða skyldum alþjónustuveitanda gerir stofnunin alþjónustuveitanda grein fyrir niðurstöðu sinni og gefur honum færi á að bæta úr ágöllum viðskiptaskilmála innan hæfilegs frests. Sama gildir hvað varðar ágalla á birtingu skv. 1. mgr.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ **17. gr.** *Gjaldskrá alþjónustuveitanda.*

□ Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera viðuráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna.

□ [Smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.]¹⁾

□ Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.

□ [Byggðastofnun]²⁾ er heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu. Alþjónustuveitandi skal að því er varðar gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga gera [Byggðastofnun]²⁾ grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár eigi síðar en fimm virkum dögum áður en hún tekur gildi.

□ Alþjónustuveitanda er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. Slík gjaldskrá getur tekið til dreifingar um land allt sem og svæðisbundinn dreifingar. Alþjónustuveitanda er heimilt að miða við ákveðið dreifingarhlutfall bréfa eftir landsvæðum við útreikninga á sérstakri gjaldskrá.

□ [Byggðastofnun]²⁾ getur krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. [Byggðastofnun]²⁾ getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekkanda.

□ Telji [Byggðastofnun]²⁾ gjaldskrá alþjónustu ekki uppfylla skilyrði þessarar greinar gerir stofnunin kröfu um úrbætur.

□ Nánar er kveðið á um bókhald og gjaldskrár í reglugerð, m.a. um einstaka vöruflokka á einstaklingsmarkaði sem falla undir kvöð um samræmda gjaldskrá, um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.

□ Nú verður alþjónustuveitandi ekki við fyrirmælum [Byggðastofnunar]²⁾ samkvæmt grein þessari og getur þá stofnunin ákveðið póstrekkanda dagsektir [skv. 44. gr.]³⁾ þar til bætt er úr.

□ Gjald sem alþjónustuveitanda er heimilt að leggja á erlendar póstsendingar skv. 3. mgr. skal greitt af viðtakanda sendingar.

¹⁾ L. 76/2021, 4. gr. ²⁾ L. 112/2023, 1. gr. ³⁾ L. 76/2021, 3. gr.

■ **18. gr.** *Um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu.*

□ Breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu fyrir einstök bréf og pakka upp að 10 kg skal tilkynna [Byggðastofnun]¹⁾ með að lágmarki tíu daga fyrirvara áður en gjaldskrá tekur gildi. Slíkum breytingum á gjaldskrá skal fylgja fullnægjandi rökstuðningur.

□ Breytingar á gjaldskrá fyrir magnpóst, þ.m.t. breytingar á verði og skilmálum, skal tilkynna með að lágmarki

30 daga fyrirvara. Alþjónustuveitandi skal fyrir sömu tíma-
mörk senda [Byggðastofnun]¹⁾ fullnægjandi rökstuðning fyrir
breytingum sem gerðar eru.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ er heimilt að yfirfara útreikninga al-
þjónustuveitanda og getur eftir atvikum kveðið á um breyt-
ingar á tilkynntu verði ef útreikningar alþjónustuveitanda eru
ekki réttir eða gefa ekki tilefni til þeirrar hækkunar sem til-
kynnt var. [Byggðastofnun]¹⁾ er heimilt að samþykka og/
eða synja beiðni um gjaldskrárbreytingu að hluta eða í heild.
[Byggðastofnun]¹⁾ hefur 30 virka daga til að bregðast við til-
kynningum um breytingu á gjaldskrá.

□ Breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuð-
ningi skulu birtar á vefsíðu [Byggðastofnunar].¹⁾

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ 19. gr. Fyrirkomulag bókhalds alþjónustuveitanda.

□ Bókhald alþjónustuveitanda skal byggjast á hlutlægum
reikningsskilareglum í samræmi við viðurkenndar aðferðir.
Ársreikningar alþjónustuveitanda skulu gerðir í samræmi við
lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

□ Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi sérgreina kostnað og
tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjón-
ustu. Bókhaldsleg aðgreining er forsenda þess að alþjónustu-
veitandi geti sótt um fjárframlag vegna alþjónustu sem hon-
um er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á fjárhag
sinn.

■ 20. gr. Upplýsingar um starfsemi og rekstur.

□ Alþjónustuveitandi veitir [Byggðastofnun]¹⁾ upplýsingar
um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftir-
litið með starfsemi hans, þ.m.t. um fjárhagsstöðu með tilliti
til hættu á rekstrarstöðvun. [Byggðastofnun]¹⁾ eða löggiltum
endurskoðanda í umboði stofnunarinnar skal hvenær sem er
og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi alþjónustu-
veitanda í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnað-
ar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjón-
ustu.

□ Alþjónustuveitandi lætur [Byggðastofnun]¹⁾ í té upplýs-
ingar um gæði alþjónustu, sbr. 21. gr. [Byggðastofnun]¹⁾ er
heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

□ Alþjónustuveitandi birtir opinberlega helstu upplýsingar
um alþjónustu sem hann sinnir, þar á meðal forsendur og
gæðakröfur á hverjum tíma. Ákvæði 1. málsl. telst uppfyllt
ef upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu hlutaðeigandi al-
þjónustuveitanda.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

VI. kafli. Kröfur um þjónustu og gæði.

■ 21. gr. Gæðakröfur.

□ Ráðherra setur reglugerð um kröfur um gæði útburðar
bréfa í lægsta þyngdarflokki innan alþjónustu. Þar er m.a.
kveðið á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku póst-
sendinga til útburðar miðað við ákveðinn hundraðshluta,
lágmarksafgreiðslutíma póstafræðslustaða, hversu oft póst-
kassi er tæmdur, hámarkstíma frá því að póstur berst til lands-
ins þar til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku póst-
sendinga til útlanda þangað til þær eru afhentar flutningsað-
ila. Þá er kveðið á um veitingu undanþágu frá gæðakröfum
um tímalengd og tilkynningar slíkra undanþágna til eftirlits-
stofnana erlendis.

□ Gæðakröfur sem varða bréf í lægsta þyngdarflokki inn-
an alþjónustu milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins
skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka I við lög þessi.

□ Alþjónustuveitandi lætur árlega óháðan aðila kanna gæði
dreifingar lægsta þyngdarflokks bréfa innan alþjónustu.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ hefur eftirlit með því að gæðakröfur
séu virtar og birtir opinberlega skýrslu um niðurstöður sín-
ar.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ skulu veittar nauðsynlegar upplýsing-
ar vegna skráningar og eftirlits. Þar á meðal eru tölfraðileg-
ar upplýsingar um starfsemi, svo sem heildartölur um fjölda
póstlagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdar-
flokki, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða,
upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ 22. gr. Staðlar.

□ Póstrekendur skulu hafa að leiðarljósi staðla um póst-
mál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Ráðherra getur
áskilið í reglugerð að sama gildi um staðla sem birtir eru
í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, einkum þegar efni
þeirra fellur undir ákvæði 27. gr.

■ 23. gr. Öryggi póstsendinga.

□ Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póst-
sendinga meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra.

□ Póstrekandi sem hyggst bjóða upp á rafræna meðhöndl-
un bréfa, svo sem með því að yfirfæra þau á stafrænt form
og birta í rafrænu pósthólfi, skal tryggja öryggi rafrænna
pósthólfa með viðeigandi ráðstöfunum sem geta m.a. falist
í dulkóðun, auðkenningu notenda og notkun öryggisstaðla.

□ [Byggðastofnun]¹⁾ setur reglur um öryggi póstsendinga og
öryggismál á póstafræðslustöðum.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ 24. gr. Póstleynd.

□ Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notk-
un pósthjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða sam-
kvæmt heimild í öðrum lögum.

□ Öllum sem starfa við pósthjónustu er óheimilt að gefa
óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa
öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju.
Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent
er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ Póstrekanda er heimilt að senda hérlandum og erlendum
tollyfirvöldum, flutningsaðila eða póstrekkanda erlendis upp-
lýsingar skv. a–e-lið til að flýta fyrir tollafræðslu sendinga
og tryggja öryggi póstflutninga á sjó, landi og í lofti eða með
vísan til allsherjarreglu:

- tengiuupplýsingar um sendanda,
- tengiuupplýsingar um viðtakanda,
- upplýsingar um innihald,
- upplýsingar um verðmæti,
- upplýsingar um auðkenni póstsendingar.

□ Póstrekanda er heimilt að taka við upplýsingum skv. 3.
mgr. frá sömu aðilum og þar er getið.

□ Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að höfðu samráði
við Persónuvernd, að heimila sendingu og viðtöku á öðrum
upplýsingum en skv. a–e-lið 3. mgr. og ákveða í hvaða til-
gangi heimilt er að senda upplýsingar skv. 3. mgr.

□ Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum
skal uppfylla kröfur laga um persónuvernd og vinnslu per-
sónuupplýsinga.

■ 25. gr. Undanþágur frá pósthjónustu.

□ Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. er heimilt að opna án dómsúr-
skurðar póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila í því
skyni að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru
svo að hægt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt að
leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt
vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir

á innihaldi. Sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar.

□ Um opnun á póstsendingum vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum tollalaga.

□ Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarþús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

■ **26. gr. Skylda til að flytja póstsendingar.**

□ Hverjum þeim sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skylt, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar innan alþjónustu milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan póst- eða vöruflutning. Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

□ Ef upp kemur ágreiningur á milli flutningsaðila og alþjónustuveitanda, t.d. um hvað telst eðlileg greiðsla, geta aðilar borið ágreiningsefnið undir [Byggðastofnun].¹⁾

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ **27. gr. Móttaka og afhending póstsendinga.**

□ Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og jafnræðis gætt. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé þannig að hægt verði að koma sendingunni til viðtakanda.

□ Skylt er að dagstimpla póstsendingar sem teljast til almenns bréfastöðs upp að 2 kg sé því lofað að póstsending berist fyrir tiltekinn tíma. Dagstimplun sýnir móttökudag póstsendinga.

□ Póstsendingu skal komið til þess sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í bréfastöð eða pósthólf viðtakanda, á afgreiðslustað eða sjálfsafgreiðslukassa, með skönnun á afhendingarstað ef við á, eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Ekki er skylt að krefja um undirskrift viðtakanda nema fyrir sendingar þar sem greitt hefur verið fyrir slíka viðbótarþjónustu, þ.e. kvittun fyrir afhendingu.

□ Móttakendum póstsendinga er skylt að setja upp bréfastöð eða bréfastöð svo að póstrekkendur geti komið póstsendingum til skila á hagkvæman hátt. Um staðsetningu bréfastöð eða bréfastöðu fer að jafnaði eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Um staðsetningu bréfastöðu í dreifbýli, t.d. fjarlægð frá heimili eða atvinnuhúsnæði, sem og staðsetningu í fjölbýlishúsum, er kveðið á í reglugerð um alþjónustu.

□ Alþjónustuveitanda er heimilt að setja upp á einum stað bréfastöðsamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli. Slík bréfastöðsamstæða skal vera aðgengileg með tilliti til umferðar og umhverfis. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um staðsetninguna. Bréfastöðsamstæður eru settar upp á kostnað alþjónustuveitanda. Nánar er kveðið á um útfærslu í reglugerð um alþjónustu, t.d. um póstnúmer þar sem þetta er heimilt, frágang bréfastöðsamstæðna, stærð, fjarlægðarmörk og staðsetningu.

□ Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef

bréfastöð eða bréfastöður viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða reglugerðar um alþjónustu.

□ Póstsending telst vera í vörslu póstrekkanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent á tilgreindum afhendingarstað.

□ Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekkanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekkanda ný fyrirmæli um póstméðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda.

□ Í tilfellum þar sem viðtakandi hefur pantað póstsendinguna, t.d. í netverslun, telst hann sendandi. Póstrekkanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum frá sendanda eða viðtakanda eða vegna atvika sem varða viðtakandann og koma í veg fyrir að hægt sé að veita þjónustuna í samræmi við skilmála hennar.

■ **28. gr. Óumbeðnar fjöldasendingar.**

□ Póstrekkendum er skylt að virða merkingar notenda sem kveða á um að viðkomandi viðtakandi óski ekki eftir óumbeðnum fjöldasendingum, svo sem fjölpósti, fríblöðum eða almennu kynningarefni frá fyrirtækjum.

□ Tilkynningar veitufyrirtækja, t.d. fjarskipta-, vatns- og rafmagnsveitna, falla ekki hér undir ef verið er að tilkynna um tímabundið rof á þjónustu vegna framkvæmda og því um líkt. Sama gildir um kynningarefni vegna kosninga á vegum stjórnvalda, tilkynningar sveitarfélaga til íbúa sinna og tilkynningar stjórnvalda sem varða almannahag og almannaoðryggi.

■ **29. gr. Óskilasendingar.**

□ Póstrekkandi setur sér reglur um meðferð óskilasendinga sem uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Póstrekkendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakanda. Ef ekki tekst að koma póstsendingu til skila vegna rangra eða ófullkominna upplýsinga um nafn og heimilisfang eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum skal póstrekkandi endursenda hana til sendanda. Póstrekkendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi. Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekkanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

□ Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekkanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu sendar réttum póstrekkanda strax og unnt er.

■ **30. gr. Óheimilar póstsendingar.**

□ Óheimilt er að afhenda póstrekkanda sendingar með innihaldi sem er hættulegt eða brýtur í bága við ákvæði laga að hafa undir höndum.

■ **31. gr. Umbúðir póstsendinga.**

□ Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekkendum í umbúðum. Póstrekkendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekkandans. Móttaka póstsendingar með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni.

VII. kafli. Meðferð kvartana og skaðabætur.**■ 32. gr. Meðferð kvartana.**

□ Póstrekendur skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum og birta opinberlega.

□ Reglur skv. 1. mgr. skulu gefa kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

□ [Telji neytendur pósthjónustu, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að póstrekkandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi eða skilgreindum alþjónustukvöðum getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Byggðastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

□ Byggðastofnun skal leita álits viðkomandi póstrekkanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skoríð með ákvörðun.

□ Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um lausn slíkra ágreiningsmála.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 5. gr.

■ 33. gr. Skaðabætur.

□ Póstrekkendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir óskráðar póstsendingar sem glatast eða seinkar vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða atburða (force majeure).

□ Sendendur skráðra póstsendinga geta átt rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekkanda.

■ 34. gr. Ábyrgðartakmarkanir.

□ Póstrekkendum er heimilt að setja viðmið í viðskiptaskilmála um hámark skaðabótaábyrgðar sem tryggð er eins og á við um einstakar tegundir póstsendinga.

■ 35. gr. Óbeint tjón.

□ Skaðabótaskylda samkvæmt þessum kafla nær aðeins til þess hlutar verðmætis sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekkanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar.

■ 36. gr. Póstsendingar milli landa.

□ Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa fer eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða skemmist hjá póstrekkanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

■ 37. gr. Fyrning skaðabótakröfu.

□ Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

VIII. kafli. Milliríkjasamningar, viðurlög o.fl.**■ 38. gr. Pósthjónusta við önnur lönd.**

□ Ákvæði laga þessara gilda einnig um pósthjónustu við önnur lönd.

□ Ráðherra getur falið [Byggðastofnun]¹⁾ að útnefna póstrekkanda samkvæmt lögum þessum til að fara með réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðapóstsamningnum.

□ Við gerð samninga um endastöðvargjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu og/eða alþjóðapóstsamninginn skal útnefnt fyrirtæki hafa til viðmiðunar eftirtaldir grundvallarreglur:

1. Endastöðvargjöld skulu taka mið af kostnaði við pósthjónustu, þ.m.t. útbuð.

2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.

3. Endastöðvargjöld skulu vera gagnsæ og jafnræðis gætt.

¹⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ [39. gr. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og þagnarskylda.

□ Byggðastofnun skal veita Eftirlitsstofnun EFTA almennar upplýsingar sem skylt er að veita með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo sem varðandi alþjónustu og kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki.

□ Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má Byggðastofnun veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar um póstmál sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Byggðastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

□ Þagnarskylda skal ekki vera því til fyrirstöðu að Byggðastofnun gefi fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA sem fjalla um póstmál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Byggðastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum um póstmál við sambærilegar stofnanir innan Evrópska efnahagssvæðisins og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

□ Byggðastofnun er heimilt að birta tölfraðilegar upplýsingar um magn pósts og skulu póstrekkendur láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [40. gr. Lausn deilumála milli póstrekkenda.

□ Komi upp deilur milli póstrekkenda um skyldur sem leiðir af lögum getur deiluaðili beint málinu til Byggðastofnunar. Byggðastofnun skal leita sátta með aðilum. Náist ekki samkomulag skal skoríð úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða nema sérstaklega standi á.

□ Ákvörðun Byggðastofnunar skal birta opinberlega með fyrirvara um kröfu um viðskiptaleynd.

□ Byggðastofnun getur í ákveðnum tilfellum gripið inn í deilur aðila að eigin frumkvæði til þess að ná markmiðum laga þessara eða laga um Byggðastofnun.

□ Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um málsmæðferð samkvæmt þessari grein.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [41. gr. Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.

□ Telji Byggðastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun án tafar í einstökum málum sem varða kvartanir neytenda, sbr. 32. gr., eða deilur á milli póstrekkenda, sbr. 40. gr., enda sé hætta á því að dráttur á ákvörðun valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

□ Byggðastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 32. gr. eða 40. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin ella fellur hún úr gildi.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [42. gr. *Kæruheimild.*

□ Ákvarðanir Bygðastofnunar um pósthjónustu sem teknar eru samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Bygðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og gilda um úrskurði nefndarinnar á sviði fjarskiptamála.¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [43. gr. *Gjaldtaka o.fl.*

□ Fyrir tilnefningu alþjónustuveitanda fyrir pósthjónustu greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

□ Póstrekendur skulu árlega greiða Bygðastofnun rekstrargjald sem nemur 0,4% af árlegri bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af póstarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári þegar þær verða til.

□ Póstrekendur skulu skila Bygðastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist Bygðastofnun ekki upplýsingar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila.

□ Álagning rekstrargjalds skv. 2. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert. Bygðastofnun skal gera eftirlitskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Rekstrargjald greiðist með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. desember og eindagi 15. desember. Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.

□ Vanræki póstrekkandi greiðslu rekstrargjalds er Bygðastofnun heimilt að fella niður starfsheimild viðkomandi fyrirtækis.

□ Bygðastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

□ Bygðastofnun getur gert póstrekkanda að greiða samkvæmt reikningi útlagðan kostnað, svo sem vegna sérfræðivinnu, við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á hans vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið.

□ Ráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Bygðastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir skráningu fyrirtækja og útgáfu leyfisbréfa og skírteina. Auk þess er Bygðastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðipjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og upphalds sem af því leiðir.

□ Bygðastofnun annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Tekjur af gjöldunum renna í ríkissjóð að undanskildum tekjum skv. 7. og 8. mgr. sem renna til Bygðastofnunar.

□ Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til reksturs Bygðastofnunar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af gjöldum samkvæmt þessari grein.¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [44. gr. *Dagsektir og innheimta.*

□ Þegar póstrekkandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Bygðastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför.¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [45. gr.]¹⁾ *Heimild til rekstrarstöðvunar.*

□ Póstrekendur með almenna heimild til veitingar pósthjónustu skulu að beiðni [Bygðastofnunar]²⁾ veita stofnuninni upplýsingar samkvæmt lögum um [Bygðastofnun]²⁾ sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir skilyrðum laga þessara.

□ Komist [Bygðastofnun]²⁾ að þeirri niðurstöðu að póstrekkandi fari ekki að skilmálum almennra heimilda eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum skal stofnunin tilkynna póstrekkandanum um þessa niðurstöðu og gefa honum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar eða skemmri tíma sem aðilinn samþykkir eða [Bygðastofnun]²⁾ kveður á um þegar um endurtekið brot er að ræða eða lengri tíma sem [Bygðastofnun]²⁾ samþykkir.

□ Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum þegar ráðstafanir til að tryggja að farið verði að lögum hafa mistekist getur [Bygðastofnun]²⁾ stöðvað rekstur eða þjónustu póstrekkanda, afskráð hann af lista yfir póstrekkendur eða afturkallað réttindi tímabundið eða varanlega.

□ [Bygðastofnun]²⁾ getur, ef sannanir liggja fyrir um brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum sem leiðir til yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu almennings eða getur skapað alvarleg fjárhagsleg eða rekstrarleg vandamál fyrir aðra póstrekkendur eða notendur, tekið bráðabirgðaákvarðanir til að bæta úr ástandinu áður en endanleg ákvörðun er tekin. Póstrekkandanum sem í hlut á skal að lokinni bráðabirgðaákvörðun veitt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og leggja til úrbætur. Þegar við á getur [Bygðastofnun]²⁾ staðfest bráðabirgðaákvörðun sína.

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr. ²⁾ L. 112/2023, 1. gr.

■ [46. gr.]¹⁾ *Viðurlög.*

□ Brot á ákvæðum 2. og 3. mgr. 9. gr. og 19., 20., 23., 24., 29. og 30. gr. og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum. Stórfelld brot eða ítrekuð varða fangelsi allt að tveimur árum. Með stórfelldu broti er m.a. átt við það þegar brot er framið í tengslum við skipulagða brotastarfsemi.

□ Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

□ Nú er brot skv. 1. mgr. framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. mgr. er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [47. gr.]¹⁾ *Almenn reglugerðarheimild.*

□ Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Alþjónustu og val á alþjónustuveitanda.

2. Framkvæmd eftirlits Bygðastofnunar skv. 4. gr. b.)³⁾

[3.]³⁾ Nánari útfærslu á þjónustu sem fellur undir alþjónustu skv. 9. gr., þar á meðal um gæði, þjónustusvæði, söfnun póstsendinga, skilyrði fyrir fækkun dreifingardaga, tegundir þjónustu sem fellur undir alþjónustu innan lands og milli landa, aðgengi að póstafréttastöðum, notkun auðkennisins póslúður, útgáfu frímerkja, móttöku og afhendingu póstsendinga, staðsetningu bréfa í dreifbýli, pósnúmer o.fl. skv. 9., 10., 27. og 29. gr.

[4.]³⁾ Bókhald og gjaldskrár alþjónustuveitenda, þar á meðal um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana skv. 17. gr.

[5.]³⁾ Aðgreiningu tekna og kostnaðar milli alþjónustu og annarrar þjónustu skv. 19. gr.

[6.]³⁾ Gæðakröfur til alþjónustu skv. 21. gr.

[7.]³⁾ Móttöku og afhendingu póstsendinga, skv. 27. gr.

[8.]³⁾ Pakkasendingar milli landa skv. 38. gr. þar sem m.a. er heimilt að kveða á um eftirfarandi:

a. Upplýsingaskyldu póstrekkanda vegna gjaldskrár um pakkasendingar milli landa, t.d. verð, skilmála, veltu, starfsmannafjölda o.fl.

b. Fresti til að láta upplýsingar í té og um birtingu þeirra opinberlega.

c. Viðmið um hvernig eftirlitsaðilar eiga að meta hvort gjaldskrá sé viðráðanleg fyrir neytendur.

d. Innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri og innleiðingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644.⁴⁾

□ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirsmáli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Undantekningar frá dreifingarskyldu innan alþjónustu skv. 9. gr. til einstaklinga og lögaðila, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, þannig að alþjónustuskylða teljist uppfyllt með öðrum hætti.

2. Aðgang að nauðsynlegri aðstöðu og þjónustu og bókhaldslega aðgreiningu á aðgangi að nauðsynlegri aðstöðu skv. 13. gr.

3. Bókhald alþjónustuveitanda í samræmi við 14. og 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB, með síðari breytingum, og aðgreiningu tekna og kostnaðar á milli alþjónustu og annarrar þjónustu skv. 19. gr.

4. Staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins skv. 22. gr., sbr. 27. gr.

5. Meðferð óskilasendinga.

6. Ólögð innihald póstsendinga skv. 30. gr.

7. Annað sem kann að varða framkvæmd pósthjónustu, svo sem um frágang, umbúðir og merkingar, skv. 31. gr.

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr. ²⁾ Rg. 400/2020. Rg. 415/2024. ³⁾ L. 76/2021, 7. gr. ⁴⁾ L. 112/2023, 3. gr.

■ [47. gr. a. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér heimild til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 frá 20. september 2018 um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644. Reglugerðir þessar voru teknar upp í samninginn um

Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2021 frá 24. september 2021 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) frá 2. maí 1992.)¹⁾

¹⁾ L. 112/2023, 4. gr.

■ [48. gr.]¹⁾ Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020. . . .

□ Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

■ [49. gr.]¹⁾ Breytingar á öðrum lögum. . . .

¹⁾ L. 76/2021, 6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I.

□ Íslandspóstur ohf. skal afhenda Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um gildandi pósnúmerakerfi eigi síðar en 1. nóvember 2019.

■ [II.

□ Ráðherra, í samstarfi við ráðherra sem fer með fjármál og efnahagsmál, skal hið fyrsta skipa þverfaglegan starfshóp til að meta hvernig best megi ná markmiðum 1. gr., m.a. með hliðsjón af tækninýjungum, samkeppnisjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Í starfshópinn verði, auk fulltrúa ráðherra, skipaðir fagaðilar og fulltrúar sjónarmiða neytenda, atvinnurekenda og ólíkra byggða. Tillögur hópsins skulu settar fram í skýrslu, ásamt kostnaðarmati, og gerð skal grein fyrir áhrifum þeirra á póstmárkaðinn í heild sinni og hagrænum áhrifum í samkeppnislegu og byggðalegu tiliti. Skýrslan skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2021.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2021, 8. gr.

Viðauki I. Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstmæðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og er hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D + n þar sem D merkir móttökudag og n fjöldi virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til áritaðs móttakanda.

□ Móttökudagur telst sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun póstsendinga á þeim móttökustað sem um ræðir muni eiga sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

□ Þær gæðakröfur eru gerðar að 85% bréfa séu afhent samkvæmt fyrirkomulagi D + 3 og 97% samkvæmt fyrirkomulagi D + 5.

Viðauki II. Leiðbeiningar um útreikning á hreinum kostnaði alþjónustu, ef einhver er.

A-hluti: Útreikningur á hreinum kostnaði.

□ Leita skal leiða til að tryggja póstrekkendum viðeigandi hvatningu til að rækja alþjónustuskyllda á sem skilvirkastan hátt að því er kostnað varðar.

□ Hreinn kostnaður alþjónustuskyldna er allur kostnaður sem tengist og er óhjákvæmilegur við rekstur alþjónustu. Hreinn kostnaður alþjónustuskyldna er reiknaður sem mismunur á hreinum kostnaði alþjónustuveitanda sem samið er við eða gert skylt að veita alþjónustu og kostnaði sama póstrekkanda án skyldu til að veita alþjónustu.

□ Útreikningarnir skulu fela í sér alla aðra viðkomandi þætti, þ.m.t. rétt á sanngjörnum hagnaði, hvata til kostnaðarhagkvæmni, óefnislegan ávinning og markaðsávinning, sem falla til póstrekaða sem er tilnefndur til að veita alþjónustu.

□ Vandlega skal hugað að því að meta rétt kostnað sem alþjónustuveitandi hefði kosið að komast hjá hefði ekki verið um neinar alþjónustuskyldu að ræða. Við útreikning á hreinum kostnaði er metinn ávinningur, þ.m.t. óefnisleg hlunnindi, sem póstrekaði sem veitir alþjónustu nýtur.

□ Útreikningur grundvallast á kostnaði sem hægt er að heimfæra á:

i. Þætti í viðkomandi þjónustu sem aðeins er hægt að veita með tapi eða hafa í för með sér meiri kostnað en eðlilegt getur talist í viðskiptum. Þessi flokkur getur falið í sér þjónustuþætti, svo sem þjónustu sem skilgreind er í A-hluta tilskipunarinnar.

ii. Tiltekna notendur eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða með meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum, að teknu tilliti til kostnaðar og tekna af starfrækslu viðkomandi þjónustu og viðeigandi samræmdra gjalda.

□ Undir þennan flokk falla notendur og hópar notenda sem

fengju enga þjónustu hjá póstrekaða sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita alþjónustu.

□ Útreikningur á hreinum kostnaði við afmarkaða þætti alþjónustuskyldu skal fara fram aðskilið og þannig að komist sé hjá því að tvítelja hvers kyns bein eða óbein hlunnindi og kostnað. Hreinn heildarkostnaður tilnefnds veitanda alþjónustu, sem hlýst af alþjónustuskyldu, er reiknaður sem summ-an af hreinum kostnaði sem hlýst af tilteknum þáttum alþjónustuskyldu, að teknu tilliti til hvers kyns óefnislegra hlunninda. Stjórnvöld sannprófa hver er hreinn kostnaður. Veitandi alþjónustu á samstarf við stjórnvöld til að gera þeim kleift að sannprófa hreinan kostnað.

B-hluti: Hreinn kostnaður við alþjónustuskyldu endurheimt-ur.

□ Endurheimt eða fjármögnun hreins kostnaðar við alþjónustuskyldu getur krafist þess að viðsömdum eða tilnefndum veitendum alþjónustu sé bættur kostnaður við þjónustu sem þeir veita en er ekki veitt á venjulegum viðskiptagrundvelli. Þar sem slíkar bætur fela í sér tilfærslu fjár skal tryggja að þær séu gerðar þannig að þær séu hlutlægar, gagnsæjar, án mismununar og hlutfallsbundnar. Þetta hefur í för með sér að tilfærslurnar valda, að því marki sem það er unnt, minnstu mögulegu röskun á samkeppni og eftirspurn.